



Skagafirði, 17. október 2014

Landssamband hestamannafélaga
Íþróttamiðstöðinni Laugardal – Engjavegi 6
104 Reykjavík

Efni: Landsmót hestamanna 2016

Í bréfi formanns Landssambands hestamannafélaga, dagsett 8. október sl. en ekki sent fyrr en með tölvupósti 16. október, er stjórn Gullhlys sem var valinn mótshaldari Landsmóts hestamanna 2016 á Vindheimamelum í Skagafirði, tilkynnt ákvörðun stjórnar LH um að slíta viðræðum og ganga ekki til samninga um að næsta landsmót verði haldið á Vindheimamelum árið 2016.

Ljóst er að með ákvörðun stjórnar Landssambands hestamannafélaga er stjórnin að brjóta eigin lög og slíkt lögbrot og óheiðarleg vinnubrögð formanns stjórnar eru hörmuð.

Landssamband hestamannafélaga (LH) auglýsti árið 2011 eftir stað undir landsmótin 2014 og 2016 og rann umsóknarfrestur um mótshald beggja móta út 30. nóvember 2011. Meðal þeirra sem sóttu um að halda Landsmót 2016 voru hestamannafélögin í Skagafirði sem buðu fram Vindheimamela í Skagafirði, sem er sá staður sem Landsmót hestamanna hafa oftast verið haldin á. Samþykkti stjórn LH á fundi sínum 19. desember 2011 að mótið 2016 skyldi haldið á Vindheimamelum.

Samkvæmt lögum LH skal að lokinni ákvörðun um staðarval Landsmóts ganga til samninga við samþykktan mótshaldara en staðarval ekki endurskoðað nema ef samningar náist ekki.

Fyrir liggur að hvorki stjórnir LH né Landsmóts ehf. hafa ráðist í eiginlegar samningaviðræður við Gullhyl en báðir aðilar samþykktu að slíkar viðræður myndu hefjast að loknu Landsmóti á Hellu sl. sumar. Fundir sem haldnir hafa verið á milli aðila hafa jafnframt verið jákvæðir og uppbyggilegir og menn sammála um hvaða meginleiðir skuli fara í vinnutilhögun við upphaf samningaviðræðna. Þá hefur verið ritað undir viljayfirlýsingu aðila á milli um að halda mótið og stjórn LH hefur bókað í fundargerðum um jákvæðan anda fólks gagnvart Landsmóti á Vindheimamelum sumarið 2016.

Í bréfi formanns LH, dagsettu 8. október 2014, kemur skýrt fram að stjórn LH telji ekki fært að ganga til samninga um landsmótið á Vindheimamelum. Ítrekað skal að það að ganga ekki til samningaviðræðna við valinn mótshaldara er klárt brot á lögum Landssambands hestamannafélaga.

Í fyrrgreindu bréfi formanns LH eru taldar upp fjórar ástæður fyrir því að ekki sé hægt að halda Landsmót hestamanna á Vindheimamelum árið 2016.

1. Í fyrsta lagi sé of mikil áhætta að halda mótið á Vindheimamelum í ljósi reynslu af fyrri landsmótum og þá f.o.f. af mótinu sem haldið var á Hellu í sumar.

Ekki er ljóst hvað átt er við þar sem landsmót hestamanna á Hellu og Vindheimamelum hafa ætíð skilað hagnaði, utan frávíksársins 2011 þegar landsmóti var frestað vegna hestapestar og það fært í staðinn yfir á sama sumar og heimsmeistaramót íslenska hestsins var haldið. Þá hafa Landsmót hestamanna á Vindheimamelum einatt verið mjög vel heppnuð mót hvað alla umgjörð og utnumhald varðar enda gríðarleg reynsla af stóru mótahaldi til staðar á svæðinu. Með þessari ástæðu er stjórn LH í raun að gefa tóninn með það að landsmót hestamanna geti ekki farið fram á landsbyggðinni í fyrirsjáanlegri framtíð.



2. Í öðru lagi þurfi við staðarval að taka aukið tillit til möguleika mótshaldara að afla tekna og lágmarka kostnað.

Á fyrrgreindum jákvæðum og uppbyggilegum fundum milli samningsaðila lýstu fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar því yfir að sveitarfélagið væri reiðubúið að koma með myndarlegri hætti að framkvæmd mótsins en áður. Jafnframt lýstu fulltrúar Gullhyls og sveitarfélaganna í Skagafirði yfir vilja til að taka yfir fleiri þætti í undirbúningi mótsins en áður með það í huga að lágmarka kostnað við mótið og að samningsaðilar myndu deila jafnt hugsanlegri áhættu sem ágóða sín á milli. Þar sem ekki var aukin heldur farið í samningaviðræður eða greiningu á tekju- og gjaldaforsendum og tekjumöguleikum og hagræðingartækifærum er erfitt að rökstyðja þessu ástæðu eða halda henni fram í raun.

3. Í þriðja lagi styddu niðurstöður vinnuhópa LH og mastersritgerðar Hjörnýjar Snorradóttur ákvörðun um tilfærslu mótsins.

Hvað varðar niðurstöður vinnuhópa LH (óljóst er hverja nákvæmlega er átt við), þá er ekkert í skýrslu landsmótsnefndar frá því í mars 2011 sem styður við stefnubreytingu stjórnar LH nú, enda lá umrædd skýrsla fyrir þegar ákvörðun var tekin um staðarval landsmóts 2016. Þá eru niðurstöður mastersritgerðar Hjörnýjar Snorradóttur bæði jákvæðar og neikvæðar fyrir flesta staði enda enginn landsmótsstaður fullkominn. Ein niðurstaða rannsókna Hjörnýjar er þannig sú að Vindheimamelar og Hella njóti mestrar hylli sem landsmótsstaðir og að stór hluti hestamanna vill tvo landsmótsstaði, norðan- og sunnanlands. Jafnframt má benda á að umrædd ritgerð lá eins og skýrsla landsmótsnefndar fyrir þegar ákvörðun var tekin um staðarval landsmóts 2016 og því ekkert í henni sem getur orsakað hina skyndilegu stefnubreytingu og nýja ákvörðun stjórnar.

4. Í fjórða lagi er vísað til umræðu sem átt hefur að hafa farið fram að undanfögnu meðal hestamanna um að það þjóni ekki hagsmunum þeirra að mótið fari fram á Vindheimamelum.

Ekki er ljóst við hvað er átt hér og hvar þessi meinta umræða hefur farið fram. Forsvarsmenn Gullhyls og sveitarfélaganna í Skagafirði hafa nær undantekningalaust mætt mjög jákvæðu viðhorfi til landsmóts 2016 á Vindheimamelum og ljóst að mikil tilhlökkun er fyrir mótinu meðal hestamanna vítt og breitt um landið.

Engar efnislegar forsendur hafa því komið fram sem rökstyðja með góðu móti að brjóta beri lög LH, jafnframt því sem hætt er við að hreyfing hestamanna í landinu klofni í herðar niður ef ástunduð eru svo óheiðarleg vinnubrögð sem raun ber vitni.

Virðingarfyllst,

Ásta Björg Pálmadóttir
Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Samrit sent stjórn Gullhyls, oddvita Akrahrepps, formanni Bændasamtaka Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formanni fjárlaganefndar Alþingis